



Fundargerð fræðslunefndar 27. október 2016

Fundur haldinn í fræðslunefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 27. okt. 2016 kl. 11:45 í Vopnafjarðarskóla.

Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson, Einar Ólafur, Kristján Guðjónsson og Sigurður Sigurðsson. Einnig kom á fundinn Aðalbjörn Björnsson, Sandra Konráðsdóttir, Hafrún Róbertsdóttir og Svava Birna Stefánsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Drög að fjárhagsáætlun Leikskólans Brekkubæjar fyrir árið 2017 lögð fram. Sandra fór yfir helstu liði áætlunarinnar og útskýrði. Hún taldi mikilvægt að viðhaldi væri sinnt vel svo koma mætti í veg fyrir skemmdir svo sem leka á þaki o.fl. Einnig benti Sandra á mikilvægi þess að endurnýja girðingu sem orðin er hættuleg. Fundarmenn töldu mikilvægt að komið yrði upp viðhaldsbók, sem við höfum reyndar lagt til áður. Stærstu liðir eru viðhald húss að utan og innan upp á kr. 18.000.000, (þar sem lóðarframkvæmdir eru stærsti liðurinn upp á 15 milljónir) kennslutæki upp á kr. 1.130.000 og húsbúnaður á 150.000 kr. Samtals 19.280.000 kr. Nefndin samþykkti þessar tillögur og verða þær sendar hreppsnefnd (sjá fylgiskjal).

Einnig var tekin fyrir beiðni frá Ólafi Áka þar sem hann fer fram á að nefndin ræddi og geri tillögur um hvernig bregðast skuli við þegar börn koma frá öðrum sveitarfélögum í skólann/leikskólann og foreldrar hafa ekki lögheimili í Vopnafirði. Formaður lagði fram tillögur (sjá fylgiskjal) eftir að hafa ráðfært sig við Samband Íslenskra sveitarfélaga, þar eru skýr ákvæði um þessi mál og taldi formaður og nefndin var sammála að halda sig við þær.

3. mál

Drög að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarskóla fyrir ári 2017.

Aðalbjörn fór yfir áætlunina og útskýrði.

Helstu liðir eru: Húsbúnaður kr. 2.700.00, þar sem nemendahúsgögn vigta mest kr. 1.500.00. Viðhald húss (utan og innan) upp á 12.100.000 kr. þar sem stærsti liðurinn er listgreinastofa upp á 10.000.000 kr. Síðan kennslutæki og fl. upp á 2.900.000 kr. (sjá fylgiskjal).

Nokkuð var rætt um áætlunina meðal nefndarmanna og það kom fram í máli þeirra að forgangsverkefni í skólanum sé að koma upp góðri aðstöðu fyrir list og handverksgreinar. Einnig kom fram mikilvægi þess að skólastjórnendur hafi ákveðna upphæð til að kaupa og endurnýja kennslutæki skólans. Þannig að þeir hafi möguleika á því að geta forgangsraðað eftir þörfum skólans hverju sinni. Nokkrar umræður voru um mikilvægi viðhaldsbókar til að hafa betri yfirsýn á viðhaldspörfinni.

Skólastjóra voru kynnt svör við tillögum Ólafs Áka um börn sem koma frá öðrum sveitarfélögum í skólann. Hann var sammála tillögunum. Nefndin samþykkti fram komnar tillögur og verða þær sendar hreppsnefnd (sjá fylgiskjal).

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30

Hafþór Róbertsson